# FW: Nýtt samkomulag SNS og FG

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Jóna Ósk Guðjónsdóttir |
| **Frá** | : | Jóna Ósk Guðjónsdóttir |
| **Heiti** | : | FW: Nýtt samkomulag SNS og FG |
| **Málsnúmer** | : | 1502442 |
| **Málsaðili** | : | Samband íslenskra sveitarfélaga |
| **Skráð dags** | : | 26.02.2015 13:44:30 |
| **Höfundur** | : | Jóna Ósk Guðjónsdóttir |

**Viðhengi** image001.gif image001.gif

**From:** Inga Rún Ólafsdóttir [mailto:inga.run.olafsdottir@samband.is]
**Sent:** 17. febrúar 2015 12:02
**To:** Inga Rún Ólafsdóttir
**Subject:** Nýtt samkomulag SNS og FG

Ágæti viðtakandi,

Í gærkvöldi undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara samkomulag um breytingar á kjarasamningi aðila. Samkomulagið er gert með þeim fyrirvara að leiðarvísir um vinnumat og aðrar breytingar á kjarasamningi aðila verði samþykktar í atkvæðagreiðslu, sem lokið skal fyrir 1. mars nk.

Samkomulagið felur í sér eftirfarandi breytingar á kjarasamningi:

- Fallið verður frá breytingu á ákvæði kjarasamningsins um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu, svokallað „sjö tíma ákvæði". Greinin verður því óbreytt eins og hún var fyrir undirritun samkomulags um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila, sem undirritað var þann 20. maí 2014.
- Felld er niður fyrsta málsgrein 8. greinar í samkomulagi aðila frá 20. maí, 2014, sem hljóðar svo: "Samstarfsnefnd aðila mun fjalla um forsendur og framgang þessa kjarasamnings hvað varðar kostnað af samningnum og launaþróun".
- Fellt er niður forsenduákvæði með samkomulagi aðila frá 20. maí, 2014.
- Lok gildistíma kjarasamningsins færast til 31. maí 2016.

Póstur þessi er sendur framkvæmdastjórum, fræðslustjórum og mannauðsstjórum sveitarfélaga.
Vinsamlega áframsendið póstinn til skólastjóra og annarra þeirra er málið varðar innan sveitarfélagsins.

Með kveðju,

**Inga Rún Ólafsdóttir**
sviðsstjóri kjarasviðs
Beint innval: 515 4928
Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is

**Samband íslenskra sveitarfélaga**
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum

hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

FYRIRVARI / DISCLAIMER
FYRIRVARI / DISCLAIMER